

fulltrúa borgarfógeta Þorsteini Thorarensen ásamt undirrituðum vottum.

Fyrir var tekið: Málið A-495/1959, Jóna G. Stefánsdóttir gegn Árna Árnasyni.

Fógeti leggur fram nr. 1 gerðarbeiðni, nr. 2 dóm bæjarþings Reykjavíkur nr. 1115/1956, birtan af stefnuvottum.

Fyrir gerðarbeiðanda mætir Árni Stefánsson hdl. og krefst fjárnáms fyrir skuld samkvæmt dóminum á rjskj. nr. 2. . . .

Gerðarþoli, sem á hér heima, er ekki mættur. Kona hans, Sigríður Sæmundsdóttir, er mætt. Hún kveðst ekki geta greitt skuldina . . . Hún neitar að benda á eignir til fjárnáms . . .

Var rétturinn fluttur að húsinu nr. 32 við Sogaveg. Þar mætir í réttinum að tilhlutan fógeta Karl Ólafsson bílstjóri, sem hér er staddur.

Fógeti lýsti yfir fjárnámi í húseigninni nr. 32 við Sogaveg. . . .

Miðvikudaginn 29. júní 1960.

Nr. 112/1960. **Sverrir Guðfinnur Karlsson**

gegn
valdstjórninni.

Dómenndur:

hæstaréttardómaramir Þórður Eyjólfsson, Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson og Jónatan Hallvarðsson og Magnús Þ. Torfason prófessor.

Kærumál. Gæzluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 22. þ. m. hefur kærandi samkvæmt 3. tölulið 172. gr. laga nr. 27/1951 skotið til Hæstaréttar úrskurði sakadóms Reykjavíkur, er upp var kveðinn sama dag. Barst Hæstarétti kæran 24. þ. m. Krefst kærandi þess, að úrskurðurinn verði úr gildi felldur. Svo krefst og skipaður talsmaður kæranda málsvarnarlauna sér til handa.

Hvorki kröfur né greinargerð hafa borizt Hæstarétti frá fyrirsvári valdstjórnarinnar.

Með skirskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Málflutningslaun skipaðs réttargæzlumanns kæranda, kr. 800.00, greiðist úr ríkissjóði.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Málflutningslaun skipaðs réttargæzlumanns kæranda, Jóhannesar Lárussonar héraðsdómslögmanns, kr. 800.00, greiðist úr ríkissjóði.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 22. júní 1960.

Ár 1960, miðvikudaginn 22. júní, var úrskurður þessi kveðinn upp á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í hegningarhúsinu við Skólavörðustíg af Ármanni Kristinssyni.

Málavextir eru þeir, að Lully Matthíasson, Bergþórugötu 14, hér í borg, sakar son sinn Sverri Guðfinn Karlsson, til heimilis á sama stað, fæddan 1. marz 1935 í Reykjavík, um að hafa s.l. mánudagskvöld og aðfaranótt næsta þriðjudags lagt á sig hendur og á þann hátt með ofríki neytt hana til að láta af höndum við hann 200 krónur, er Sverrir Guðfinnur nýtti til áfengiskaupa. Einnig segir hún sökunaut hafa vafið pilsu um háls henni og hert að, þannig að henni lá við köfnun. Lully Matthíasson hefur fyrir dómi mjög eindregið óskað þess, að Sverrir Guðfinnur verði ekki laus látinn, þar sem hann sé geðveill og hvorki hún né aðrir óhultir fyrir árásum hans.

Sökunautur hefur í frumskýrslu fyrir dómi jatað frásögn móður sinnar rétta, að því undanskildu, að hann hafi enga tilraun gert til að kyrkja hana með pilsinu.

Með vísan til 67. gr. laga nr. 27/1951 þykir verða að úrskurða sökunaut í gæzluvarðhald, fyrst um sinn í allt að 40 daga, og þá jafnframt skylda hann til að hlíta rannsókn á geðheilbrigði sinni.

Því úrskurðast:

Sökunautur, Sverrir Guðfinnur Karlsson, skal sæta gæzluvarðhaldi allt að 40 dögum og gangast undir rannsókn á geðheilbrigði.